

## **FERILL EINELTIS-, OFBELDIS- OG KYNFERÐISMÁLA**

Kynning fyrir trúnaðarmenn  
Sigrún Birna Björnsdóttir





## Hvað er...

KENNARASKIPANDI  
ÍSLANDS

### Einelti

Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir. *(Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015)*

- er neikvæð hegðun sem er niðurlægjandi eða særandi og veldur einstaklingi vanlíðan
- getur verið bein og/eða óbein hegðun (s.s. hunsun/útilokun)
- getur beinst að starfi viðkomandi og/eða persónu, hegðun eða útliti
- er **ekki** afmarkað tilfelli, skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstur



## Hvað er...

KENNARASKIPANDI  
ÍSLANDS

### • Kynbundin áreitni

Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi. *(Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015)*

### • Kynferðisleg áreitni

Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. *(Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015)*

### • Ofbeldi

Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis. *(Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015)*




## Ábyrgð starfsmanna

KENNARASAMAND  
ISLANDS

- Tilkynningarskylda starfsmanna
  - Starfsmaður sem hefur rökstuddan grun eða vitneskju um óviðunandi hegðun á vinnustað skal upplýsa atvinnurekanda eða vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins um það.
    - Sérstaklega ef hann telur líklegt að viðkomandi starfsmaður muni ekki segja frá.
  - Starfsmaðurinn verður að vera tilbúinn að rökstyðja mál sitt.
- Hafa ber í huga að upplifun hvers og eins af samskiptum er ólík svo gott er að ræða við meintan þolanda áður en farið er af stað.



KENNARASAMAND  
ISLANDS



## Vinnuveitanda ber...

Samkvæmt *Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015* að...

- bregðast eins fljótt við og kostur er þegar honum berst kvörtun eða ábending.
- rannsaka í samvinnu við *vinnuverndarfulltrúa* eftir því sem við á, og utanaðkomandi aðila ef með þarf.
- tryggja að meintur þolandi eða meintur gerandi komi sínum sjónarmiðum á framfæri.
- ræða við einn í einu.
- grípa strax til aðgerða leiði mat í ljós rökstuddan grun um áreitni eða ofbeldi, í samræmi við áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað til að koma í veg fyrir endurtekna hegðun.
- grípa til viðeigandi aðgerða leiði rannsókn í ljós að ekki sé um áreitni eða ofbeldi að ræða og uppræta þær aðstæður sem kvartað var yfir.
- skrá allt sem tengist meðferð málsins.
- halda hlutaðeigandi starfsmönnum og vinnuverndarfulltrúa upplýstum á meðan á málsmeðferð stendur.
- upplýsa um málalok, senda skriflega staðfestingu ef beðið er um það innan sex mánaða frá lokum máls.



## Vinnuveitandi er...

### ÁBYRGUR FYRIR LAUSN MÁLA

Hvað getur KÍ gert þegar félagsmenn leita þangað vegna samskiptamála, eineltis eða áreitni?

- Leiðbeint félagsmönnum um réttindi og skyldur.
- Leiðbeint félagsmönnum um næstu skref.
- Fylgt málum eftir í sérstökum tilvikum.

Félagsmenn sem eru meintir þolendur eða meintir gerendur geta leitað til KÍ.



## Hvernig ber félagismaður sig að?

- Telji félagismaður á sér brotið og vinnuveitandi/stjórnandi bregst **EKKI** við samkvæmt lögum getur hann leitað til formanns síns aðildarfélags innan KÍ.
- Formaður vísar máli til sérfræðings í vinnuumhverfismálum telji hann þörf á því og málið fer í **ferli** innan KÍ.
- Mikilvægt er að meintur brotþoli fái upplýsingar um hvar hann geti sótt sér handleiðslu því upplifun hvers og eins af atburðum er mjög persónubundin.
  - <http://ki.is/um-ki/annad/vellidan-i-vinnu>



## Óháð úttekt

KENNAASKIPANDI  
ÍSLANDS

- Ef vinnuveitandi á hlut að máli eða kýs svo getur hann haft samband við fræðsluyfirvöld í sínu bæjarfélagi eða Mennta- og menningarmálaráðuneytið (eftir skólastigi) og farið fram á **óháða úttekt** sérfræðings.
- Ef yfirmaður er meintur gerandi er hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í málum málsaðila og tekur þá næsti yfirmaður ákvarðanir á meðan á málsmeðferð stendur.



## Óháð úttekt

KENNAASKIPANDI  
ÍSLANDS

- Ef skólastjóri eða skólameistari er aðili máls skal:
  - Í leik,- grunn- og tónlistarskóla beina máli til **skólanefnda eða sveitarfélaga/fræðslustjóra.**
  - Í einkareknum skóla beina máli til **skólastjórna.**
  - Í framhaldsskóla beina máli til **Mennta- og menningarmálaráðuneytis.**



## Lesefni

- Bæklingur: *Enginn á að setta sig við einelti, áreitni og ofbeldi – Leiðbeiningar fyrir starfsfólk*  
[http://www.vinnueftirlit.is/media/fraedslu--og-leidbeiningarit/enginn a ad saetta sig vid einelti areitni ofbeldi.pdf](http://www.vinnueftirlit.is/media/fraedslu--og-leidbeiningarit/enginn_a_ad_saetta_sig_vid_einelti_areitni_ofbeldi.pdf)
- Bæklingur: *Sættum okkur ekki við einelti, áreitni og ofbeldi - Leiðbeiningar fyrir stjórnendur, mannauðsráðgjafa og vinnuverndarfulltrúa*  
[http://www.vinnueftirlit.is/media/fraedslu--og-leidbeiningarit/saettum okkur ekki vid einelti areitni ofbeldi.pdf](http://www.vinnueftirlit.is/media/fraedslu--og-leidbeiningarit/saettum_okkur_ekki_vid_einelti_areitni_ofbeldi.pdf)
- *Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015*  
<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/velferdarraduneyti/nr/19859>